

# Valgreinar

8. - 10. bekkur



**Varmahlíðarskóli**  
**haustið 2017**

# Námsval á haustönn 2017

## Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Í þessu hefti er að finna upplýsingar um þau valnámskeið sem í boði verða á haustönn.

Nemendur fá kynningu föstud. 25. ágúst á hverju námskeiði fyrir sig en um er að ræða námskeið sem kennd eru einu sinni í viku í 80 mín. í senn.

### Valið fer þannig fram:

- Nemendur fá senda tölvupósta á sitt skólanetfang. Þar opna þeir valblað og velja fyrir hvern vikudag. Nemendur merkja 1 við þá valgrein sem þeir vilja helst og svo koll af kolli.
- Nemendur verða að velja a.m.k. eina **verkgrein** og eina **listgrein**.

*Nemendur sem stunda tónlistarnám í einkatímum í Tónlistarskóla Skagafjarðar geta fengið nám sitt metið til einnar valgreinar en fjölskyldurnar þurfa sjálfar að greiða skólagjöld Tónlistarskólans. Þeir sem hafa hug á að nýta sér það merkja við þann valkost.*

- Til skoðunar er að bjóða upp á starfstengt val á vorönn. Markmið þess er að nemendur kynni sér starf eða atvinnugrein, hvaða þekkingu og færni þurfi til að ná árangri í starfinu og hvaða námsleiðir liggi að starfinu.

**Valið verður bæði fyrir haustönn og vorönn nú á fyrstu dögum skólaársins.**

Lesið vel yfir allar námskeiðslýsingar áður en þið veljið, þær er að finna á heimasíðu skólans.

[varmahlidarskoli@varmahlidarskoli.is](mailto:varmahlidarskoli@varmahlidarskoli.is)

## Haustönn

Mánudagur Kl. 12:10 – 13:25 8. - 10. bekkur	Þriðjudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. bekkur	Miðvikudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur Kl. 9:20 – 10:00 8. - 10. bekkur
Almenn matreiðsla BB <b>Hámark 12</b>	Smíðar ME <b>Hámark 12</b>	Bakstur BB <b>Hámark 12</b>	Bakstur BB <b>Hámark 12</b>
Skólahreysti SHE <b>Hámark 20</b>	Heilbrigði og hreysti <b>Hámark 12-15</b>	Textíl ÞH <b>Hámark 12</b>	Fablab UES <b>Hámark 12</b>
Stuttmynd IOL <b>Hámark 12</b>	UTN UES <b>Einungis 10. bekkur</b>	Leikskólaval <b>Hámark 4</b>	Leikskólaval <b>Hámark 6</b>
Ha? Aha! TA <b>Hámark 12-15</b>	Myndlist IOL <b>Hámark 15</b>	Málmsmíði EÖE <b>Hámark 6</b>	Málmsmíði EÖE <b>Hámark 6</b>
	Málmsmíði EÖE <b>Hámark 6</b>	Kór HRS og SRG	Íþróttaval SHE <b>Hámark 20</b>

# Vorönn

Mánudagur Kl. 12:10 – 13:25 8. - 10. bekkur	Þriðjudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. Bekkur	Miðvikudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur Kl. 9:20 – 10:00 8. - 10. bekkur
Almenn matreiðsla BB Hámark 12	Smíðar ME Hámark 12	Bakstur BB Hámark 12	Bakstur BB Hámark 12
Skólahreysti SHE Hámark 20	Heilbrigði og hreysti Hámark 12-15	Textíl ÞH Hámark 12	Tæknilegó UES Hámark 12
Listasmiðja IOL Hámark 12	UTN UES Einungis 10. bekkur	Leikskólaval Hámark 4	Leikskólaval Hámark 6
Ha? Aha! TA Hámark 12-15	Spilaval IOL Hámark 15	Málmsmíði EÖE Hámark 6	Málmsmíði EÖE Hámark 6
	Málmsmíði EÖE Hámark 6	Kór HES og SRG	Íþróttaval SHE Hámark 20

## LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

### Bakstur **Í boði báðar annir**

**Kennari:** Bryndís Bjarnadóttir

**Markmið:** Nemendur þjálfist í bakstri, sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnist ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best.

**Viðfangsefni:** Helstu bakstursaðferðir: gerbakstur, hrært deig, þeytt deig, hnoðað deig, djúpsteikt og í lokin verða gerð piparkökuhús.

Ekki reiknað með bóklegum tímum en fléttað verður inn í verklega hlutann, fróðleik um næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og heilbrigðan lífsstíl.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

### Almenn matreiðsla **Í boði báðar annir**

**Kennari:** Bryndís Bjarnadóttir.

**Markmið:** Nemendur þjálfist í almennri matreiðslu og bakstri. Geti tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnast ýmsum tegundum hráefnis og nýti það sem best.

**Viðfangsefni:** Súpugerð og eftirréttir. Fiskréttir, kjúklingaréttir, pastaréttir, smáréttir og bakstur. Endað verður á piparkökuhúsum.

Ekki reiknað með bóklegum tímum en fléttað verður inn í verklega hlutann, næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

## Smíðar **Í boði báðar annir**

**Kennari:** María Eymundsdóttir

**Markmið:** Nemendur eiga að teikna einfalda mynd af smíðishlut þar sem áhersla er lögð á form og útlit.

**Viðfangsefni:** Smíðaefni í stofunni og úr skóginum. Nemendur velja á milli þriggja verkefna og eru þau skammel, ljósakróna fyrir kerti ( í samstarfi við járnsmíðina) eða gestabók. Hægt er að samþætta smíðaverkefnin við FabLab. Þegar búið er að smíða einn þessara hluta er hægt að smíða hlut að eigin vali í samráði við kennara.

**Námsmat:** Símat þar sem metin er vinnusemi, hegðun og frumkvæði 50%. Vinnubrögð og verkefnaskil 50%

## Ha? Aha! **Í boði báðar annir**

**Kennari:** Trostan Agnarsson

**Markmið:** Að nemendur velti fjölbreytilegum tjáningarmöguleikum fyrir sér og vegi og meti kosti og galla hvers um sig með margs konar athugunum.

**Viðfangsefni:** Hér verður farið yfir það hvernig hægt er að nota orð og hvernig er hægt að hætta við að nota þau. Skoðuð verða ýmis dæmi um það hversu mikið er hægt að segja í fáum orðum og hversu lítið er hægt að segja í mörgum orðum. Nokkuð verður um verklegar æfingar í orðnotkun. Margs konar æfingar í kunnuglegum, ókunnuglegum, óvæntum og dæmigerðum aðstæðum daglegs lífs.

**Námsmat:** Símat, byggt á þátttöku í umræðum og öðru vinnuframlagi.

## Upplýsingatækni – UPPT1UT05 **Fyrir nemendur í 10. bekk, kennt allt skólaárið.**

**Kennari:** Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

**Markmið:** Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel, PowerPoint. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

**Námsmat:** Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum og skil á verkefnum. Skilaskylda er á öllum verkefnum. Þau eru metin með reglulegu millibili. Próf úr Word í desember og samþættingu Word og Excel í maí.

## Fab Lab **Haustönn**

**Kennari:** Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

**Helstu markmið og viðfangsefni:** Nemendur læra undirstöðuatriði í tekniforritinu Inkscape sem notað er til að hanna hluti fyrir Fab Lab. Hver nemandi fer a.m.k. einu sinni út í FNV til að búa til sín verkefni. Dæmi um verk sem unnin hafa verið: Skreytingar á glös, myndskreytingar á gestabækur, plattar og skilti, t.d. bæjarskilti, kökudiskar og margt margt fleira.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Tækni legó - Mindstorm Vorönn

**Kennari:** Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

**Markmið:** Vekja áhuga nemenda á vísindum og tækni í gegnum einfalda forritun. Nemendur setja saman margskonar tæki samkvæmt leiðbeiningum og forrita þau síðan til þess að leysa ákveðnar þrautir. Unnið er með Lego – Mindstorm og tölvuforrit.

**Námsmat:** Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum s.s. virkni, vinnubrögð og samvinna.

## Málmsmíði Í boði báðar annir

**Kennari:** Einar Örn Einarsson

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur hanna og vinna verkefni úr málmi. Unnir eru hlutir þar sem gamlar skeifur eru bræddar og unnið úr þeim. Dæmi um málma: Kopar, eir, messing, ryðfrítt stál. Stefnt er að því að nemendur öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og geti hannað og smíðað hlut og valið til þess efni og viðeigandi verkfæri.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Stuttmyndagerð Haustönn

**Kennari:** Íris Olga Lúðvíksdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur taki upp efni, s.s. leiknar myndir, viðtöl og heimildamyndir. Vinna með forrit til að klippa myndir, bæta við hljóðum o.fl; læri að nota „Green Screen” í upptökum. *Sjálfstæði, frumkvæði og vinnusemi* liggja til grundvallar í stuttmyndagerð.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Myndlist Haustönn

**Kennari:** Íris Olga Lúðvíksdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Að gera nemendur færari í að vinna að sköpun í sínu víðasta samhengi

Að kynna lauslega fyrir nemendum sjónmenningu nútímans og samhengi hennar við listir og umhverfi.

Að gera nemendur færa um að nota myndmál og hugtök tengd myndlist, til að hjálpa sér að skynja og tjá sig um umhverfi sitt.

Að nemendur þjálfist í skissugerð og kynnist ólíkum aðferðum og tækni við listsköpun t.d. málun (með bleki, vatns- og akrýlmálningu)

Leiðir: Nemendur vinna myndverk með ýmsum efnum og aðferðum. Kennend verður fjarviddarteikning og að teikna eftir uppstillingu. Nemendur læra um myndbyggingu, lita og formfræði. Þeir þjálfja sjálfstæð vinnubrögð, efla sjónskyn og gagnrýnið mat á umhverfið og eigin verk. Fjallað verður um nokkra valda listamenn og skoðuð verk eftir þá.

**Námsmat:** Námsmat byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

### Listasmiðja - Mósaiktréð

Vorönn

**Kennari:** Íris Olga Lúðvíksdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Haldið verður áfram með útilistaverkið sem á að prýða vesturhlið skólans: stórt mósaik-tré með nafni skólans og einkunnarorðum. Nemendur og starfsfólk hófu vinnuna í á þemadögum 2016 með því að „mósaika“ lauf trésins. Markmið þessarar annar er að byrja á stofni trésins.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

### Skólahreysti

Í boði báðar annir

**Kennari:** Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

- Stöðvaþjálfun og skólahreystiþrautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í þol og styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inní hvern tíma í upphitun.
- Fræðsla um vöðvana, hlutverk, æfingar og teygjur.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

### Íþróttaval

Í boði báðar annir

**Kennari:** Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:



- Allar algengustu hópíþróttagreinar teknar fyrir, knattspyrna, bandý, karfa, blak, ýmsir hópleikir og fl.
- Farið í grunnæfingar líkamspjálfunar, stöðvaþjálfun og lært á tæki í tækjasal
- Fræðsla um þol, styrk og kraft og mismunandi áherslur í þjálfun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir því að mataræði og hvíld hafa áhrif á getu í íþróttum.
- Prófa að láta tvo nemendur í einu skipuleggja og stjórna hluta af tímunum.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Leikskólaval **Í boði báðar annir**

**Kennarar:** Ýmsir leikskólakennarar.

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur taki þátt í því starfi sem fram fer á hverjum tíma. Ætlast er til að nemendur reyni að kynnast börnunum, taki þátt í því sem þau eru að gera, aðstoði þau, leiki við þau og sinni því sem kennararnir biðja þá um. Nemendunum er heimilt að koma með hugmyndir um verkefni eða leiki sem þeir hafa áhuga á að fara í með börnunum og fá aðstoð frá kennurum leikskólans til að koma því í framkvæmd. Í leikskólanum er trúnaður mjög mikilvægur og þeir sem starfa þar þurfa að skrifa undir þagnarskyldu. Ekki má ræða um málefni einstakra barna utan leikskólans. Ekki má taka myndir af börnunum í leikskólanum. Ekki er heimilt að vera með GSM síma í starfi með börnunum.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Textílmennt (endurnýting, fatasaumur og blandaðar textílaðferðir)

**Kennari:** Þyrey Hlífarsdóttir **Í boði báðar annir**

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Læri að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndla áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- Kynnist sjálfbærni og endurnýtingu í textílmennt og læri hvernig hægt er að endurnýta textílefni.
- Þekki fjölbreytt vinnubrögð í textílmennt.
- Læri að lesa og vinna eftir uppskriftum.

Dæmi um viðfangsefni, bundið val: Endurnýting, flík eða nytjahlutur sem unnin er úr endurnýtanlegum efniviði. Þrjón, flík eða nytjahlutur þrjónað eftir uppskrift. Taulitun, efni lituð með mismunandi aðferðum.

Dæmi um viðfangsefni, val: fatasaumur að eigin vali, t.d. leggings, peysa, buxur, kjóll, derhúfa. Önnur viðfangsefni t.d. púðar, dúkar, töskur, vöggusett, hekl-/útsaumur.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Heilbrigði og hreysti

## Í boði báðar annir

Kennarar: Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Einarsdóttir.

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og hollrar næringar fyrir heilsuna. Einnig að nemendur kynnist líkamanum út frá margskonar þjálfun. Stefnan er sett á hrausta sál í hraustum líkama.

- Farið verður í hvernig skal undirbúa sig fyrir gönguferðir, farið í eina fjallgöngu í nágrenninu.
- Næringarefnið kynnt og verkefni unnin í tengslum við þau.
- Verklegr matreiðsla.
- Heimsókn í líkamsræktarstöð.
- Lífeðlisfræði kynnt, hvað gerist í líkamnum við ýmsar tegundir þjálfunar.
- Jóga, slökun, teygjur (gestaþjálfari fenginn í heimsókn.)
- Umfjöllun um íþróttadrykki og fæðubótaefni sem tengjast oft íþróttaiðkun.
- Bæði er unnið verklega og bóklega.

Námsmat; Símat í tímum, ástundun, virkni og hegðun metin ásamt litlum verkefnum.

## Kór

## Í boði báðar annir

Kennari: Helga Rós Sigfúsdóttir og Stefán R. Gíslason

### Helstu markmið:

- Að þjálfar nemendur í söng og röddun.
- Að þjálfar nemendur í að koma fram.
- Að þjálfar nemendur í að syngja með og án undirleiks.
- Að nemendur vinni saman.
- Að nemendur kynnist og þjálfist í undirleik að eigin raun, s.s slagverki og fleira. Unnið í samstarfi við tónlistarskólann.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni og þátttöku í tímum.

## Spil!

Kennari: Íris Olga Lúðvíksdóttir **vorönn**

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum, t.d. kænsku- og kortaspil, samvinnu- og spurningaspil ofl. Einnig tekið í spilastokk og ýmis spil spiluð.



**Nemendur sem stunda tónlistarnám í Tónlistarskólanum geta fengið nám sitt metið til einnar valgreinar.**

Þeir sem hafa huga á að nýta sér þann valkost merkja við þann valkost.